

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og lögum um málefni aldraðra.

Frá: Eir, hjúkrunarheimili og Skjól, hjúkrunarheimili

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta réttarstöðu aldraðra vegna kaupa á íbúðarétti hjá sjálfseignarstofnunum. Hjúkrunarheimilin Eir og Skjól styðja þau markmið. Nauðsynlegt er að tryggja neytendavernd og að aðkoma eftirlitsaðila feli í sér að samþykktir fyrir veðsetningu byggji á ítarlegri skoðun þessara aðila.

Á undanförunum árum hefur töluverðum kostnaði velt yfir á sjálfseignastofnanir:

1. Kostnaði við ársreikning hjúkrunarheimila færðist frá Ríkisendurskoðun yfir á hjúkrunarheimili.
2. Launa- og verðlagshækkanir eru aðeins bætt að hluta. Þær hækkunir sem nú dynjar óbættar á sjálfseignastofnanir eru af þeirri stærðargráðu að erfitt mun verða að fjármagna þann hluta sem á vantar.
3. Í umsögn Ríkisendurskoðunar er fjallað um kostnaðarauka vegna aðkomu stofnunarinnar. Varað er við því að velta þeim kostnaði yfir á hjúkrunarheimilin án framlags.

F.h. Hjúkrunarheimlanna Eir og Skjól

Sigurður Rúnar Sigurjónsson